



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rauða dregilinn**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 7. júní 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsingar um kostnað við dregilinn og fleira það sem til stendur að gera til skrauts á göngugötum í sumar.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. júní sl.

Svar:

Um er að ræða nýtt yfirborðsefni á götuna sem er mikilvægasta og fjölsóttasta verslunargata höfuðborgarsvæðisins. Yfirborðsefnið á að endast í hátt í átta ár. Gatan fær með nýja yfirborðinu heildstæða og hlýlega ásýnd í formi rauðs dregils fyrir gangandi vegfarendur og aðra þá sem götuna nýta.

Kostnaður er eftirfarandi:

**Skólavörðustígur: Regnboginn** er rétt tæplega 300m<sup>2</sup>

300m<sup>2</sup> x 7.500 = 2.250.000 kr.

Lokanir og fræsing á 30 merki ca 500.000 kr.

Alls áætlað um 2.750.000 kr.

**Laugavegur:** 1.260m<sup>2</sup> x 8.500 = 10.700.000 kr.

Lokanir og fræsing á merkjum ca 850.000 kr.

Göngumerki 200.000 kr.

Alls áætlað um 11.750.000 kr.

Virðingarfyllst,  
Edda Ívarsdóttir  
deildarstjóri borgarhönnunar